



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Leikskólinn Hraunborg 2023-2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LEIKUR · LÆSI · LÍFSGLEÐI



LEIKSKÓLINN
HRAUNBORG

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
2.1 Innra mat	5
2.2 Ytra mat	9
2.2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	10
2.3 Innra mat Spóalands.....	13
2.3.1 Umbótaáætlun Spóalands 2023 - 2024.....	15
2.4 Innra mat Þrastalands	16
2.4.1 Umbótaáætlun Þrastalands 2023 - 2024.....	18
2.5 Innra mat Lóulands.....	19
2.5.1 Umbótaáætlun Lóulands 2023 - 2024.....	21
2.6 Innra mat sérkennslu.....	22
2.6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	23
2.7 5. Innra mat – fjöltyngd börn.	24
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
8 Foreldrasamvinna.....	26
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
10 Fylgigögn.....	29
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	30



Leiðarljós leikskólans

„Að vera í skóla er ekki undirbúningur fyrir lífið, það er lífið“ John Dewey.

Í Hraunborg leggjum við áherslu á einkunnarorðin okkar „leikur, læsi og lífsgleði“. Við trúum því að áhugi barns stjórnari námi þess og að það læri af eigin reynslu. Undirstöðuþættir í uppeldisstarfinu eru: Leikur, læsi í hólkvíðum skilningi, gleði og lífsleikni. Í leik lærir barn að þekkja og virða sjálft sig og aðra, það þróar með sér jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði, sjálfsaga og að eiga samskipti við aðra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Nú líður senn að nýju starfsári. Eins og ávallt voru verkefni síðasta árs fjölbreytt og tókst starfmannahópurinn á við fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni. Hin hefðbundnu verkefni sem sneru að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað. Við höldum áfram að vinna að umbótum tengdum ytra mati svo sem með áframhaldandi innleiðingu á Jákvæðum aga sem gengur út á að móta umhverfi sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, hlustun, vinsemd og festu.

Haustið fór vel af stað hjá okkur, með nokkra nýliða sem lærðu smátt og smátt inn á verkefni sem tilheyra starfinu. Aðlögun á milli deilda hófst í lok ágúst og í kjölfarið hófst aðlögun nýrra barna. Aðlögunin gekk vel og náðum við að fylla í öll laus pláss þegar líða tók á haustið.

Við höldum áfram innleiðingu á Jákvæðum aga og haustið 2022 fóru 3 starfsmenn á réttindanámskeið í Jákvæðum aga og er stefnt á að fleiri starfsmenn fari á þetta námskeið á haustdögum 2023.

Við ætlum að halda áfram að leggja aðaláherslu á sköpun með félagsfærni sem undirþátt. Í vetur höfum við haldið áfram að vinna með þau frábæru verkfæri sem við fengum á námskeiði hjá KVAN síðast liðinn vetur ásamt því að okkur gengur vel að innleiða Jákvæðan aga.

Haustið 2022 fóru allir starfsmenn á námskeið í könnunaraðferðinni, því miður náðist ekki að vinna eins vel með þessa aðferð og vonir stóðu til en við ætlum að prófa okkur áfram í sumar þegar skipulagt hópastarf fer í sumarfrí. Elstu börnin okkar tóku þátt í samstarfsverkefni við Myndlistarskólann og var mikil ánægja með það verkefni og margt sem lærðist þar sem hefur verið nýtt í leikskólanum. Þrír starfsmenn sóttu Lubba námskeið í september og þrír starfsmenn sóttu réttindanámskeið í Jákvæðum aga í sama mánuði. Nokkrir starfsmenn byrjuðu að sækja námskeið hjá Menntafléttunni en því miður náðu þeir ekki að klára vegna aðstæðna í leikskólanum. Þrír starfsmenn hafa sótt lærdómssamfélög í vetur og haft bæði gagn og gaman af þeim. Leikskólastjórnendur sóttu námskeið í Völu. Einnig voru starfsmenn sem fóru á EFI-2, AEPS og Hljóm-2. Þrír starfsmenn hafa í allan vetur sótt íslensku námskeið



á vinnutíma einu sinni í viku. Tveir deildarstjórar fóru á fyrirlestur um málstefnu Reykjavíkurborgar en við erum einmitt að vinna að málstefnu Hraunborgar og fengum MML til að koma til okkar til að hjálpa okkur af stað með þá vinnu. Allir starfsmenn fengu fræðslu um flogaveiki á starfsmannafundi í vetur.

Okkur hefur gengið mjög vel með að hafa teymisfundi fyrir Jákvæðan aga og Gefðu 10 og hafa þessir hópar hist reglulega í vetur.

Eftir áramót höfum við tekið á móti nemendum úr Hólabrekkuskóla sem eru í leikskólavali og hefur það gengið mjög vel.

Í apríl fórum við svo í námsferð til Brighton og heppnaðist sú ferð afar vel. Við sátum heilan dag á námskeiði um sköpun og unnum verkefni. Einnig fórum við á Numicon stærðfræðinámskeið. Við hlökkum til að nýta okkur allt sem við lærðum í þessari ferð í starfinu okkar með börnunum.

Elstu börnin okkar tóku að venju þátt í Barnamenningarhátíðinni og tókust tónleikarnir þetta árið mjög vel og var mikil ánægja með lagavalið.

Leikskólastjóri hefur tekið þátt í áframhaldandi vinnu í sambandi við Lýðheilsustefnuna og að auki hefur leikskólastjóri setið í starfshópi um sveigjanleg starfslok hjá Reykjavíkurborg.

Starfsþróunarsamtöl hafa gengið mun betur en áður, leikskólastjóri ákvað að taka eitt langt viðtal og hefur það gengið vel.

Í haust eru fyrirhugaðar breytingar hjá okkur en þá ætlum við að aldurskipta deildunum þannig að Þrastaland verður yngsta deild, Spóaland verður mið deild og Lóuland verður elsta deild. Við sjáum fram á þetta muni henta öllu okkar starfi betur, það er búið að vera erfitt að hafa svona breitt aldursbil á Spóalandi og Lóulandi. Börnin verða umkringd jafnöldrum og starfið verður markvissara þar sem allir fá verkefni við hæfi.

Við horfum með bjartsýnisaugum á næsta skólaár þar sem ekki verður mikið um mannabreytingar hjá okkur í haust og áherslupættir leikskólans eru skýrir. Aðaláherslan verður á sköpun og félagsfærni.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

2.1 Innra mat

Innra mat fór fram reglulega síðast liðinn vetur. Starfsmenn voru duglegir að meta liðna atburði á deildarfundum og börnin mátu reglulega starfið með broskallamerkingum. Við stóðum okkur mun betur en áður í öllu innra mati.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Aðlögun milli deilda	Á deildarfundum	Starfsmenn	Yfir heildina gekk þetta vel en það mætti skoða að starfsmenn fylgi yngri börnunum lengur.
Aðlögun nýrra barna	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel.
Hópastarf	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk brösuglega á haust önninni en mun betur á vorönn. Náðum alltaf að halda inni Lubbastundum.
Foreldraviðtöl að hausti	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gengu vel en hefðu mátt vera fyrir á önninni.
Bleikur mánuður/bleikur dagur	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel, skreyttum skólann, börnin gerðu myndir og flest mættu í einhverju bleiku á degi bleiku slaufunnar.
Lestraráttak að hausti	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel, þurfum samt að ná betur til allra foreldra.
Náttfataball/bangsa-dagur að hausti	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel, starfsfólk mætti vera virkara að dansa með börnunum og taka þátt.
Vöflukaffi 1. desember	Á deildarfundum	Starfsmenn	Tókst mjög vel, hefði mátt vera meira vöfludeig.
Kirkjuferð	Á deildarfundum	Starfsmenn	Tókst nokkuð vel, þurfum að fá að vita fyrir fram hvaða lög á að syngja.



Jólaballið	Á deildarfundum	Starfsmenn	Hefði mátt passa betur fjölda barna á hvoru balli fyrir sig. Passa að merkja gjafirnar handa börnunum með límmiðakorti.
Vasaljósamánuður	Á deildarfundum	Starfsmenn	Mánuður er frekar of langur tími, spurning um að hafa bara viku.
Prettándinn	Á deildarfundum	Starfsmenn	Það var mjög kalt þennan dag og því fóru yngstu börnin ekki út og fylgdust með út um gluggann. Vorum mjög stutt úti.
Bóndadagur	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel. Mikil ánægja að hafa grjónagrat í boði með þorramatnum í hádeginu. Fullt af „bændum“ sem komu í kaffi seinni partinn.
Tannverndarvika	Á deildarfundum	Starfsmenn	Hefðum mátt vera betur undirbúin.
Leikfangadagur í janúar	Á deildarfundum	Starfsmenn	Það gekk misvel, yngstu börnin áttu erfitt með að deila með öðrum en annars allir glaðir á eldri deildum.
Bókadagur	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk vel, flest öll börnin komu með bók.
Dagur leikskólans	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel, breyttum til og settum verk barnanna í gluggana á leikskólanum í stað þess að hengja þau út.
Bolludagur	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel.
Sprengidagur	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel.
Öskudagur	Á deildarfundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel.



Foreldraviðtöl í mars	Á deildarfundum og stjórnendafundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel.
Barnamenningarhátíð	Á deildarfundum og stjórnendafundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel og lagavalið var sérsaklega skemmtilegt þetta árið.
Páskaundirbúningur	Á deildarfundum og stjórnendafundum	Starfsmenn	Gekk mjög vel, afslappað og skemmtilegt.
Lestraráttak í maí	Á deildarfundum og stjórnendafundum	Starfsmenn	Gekk ekki eins vel og í haust, yngri börnin mun duglegri að taka þátt en þau eldri.
Stytting vinnuvikunnar	Á deildarfundum og stjórnendafundum og skipulagsdögum	Starfsmenn	Styttingin gengur en með herkjum þó, mikið álag sem skapast.
Undirbúningstímar	Á deildarfundum og stjórnendafundum	Starfsmenn	Gekk erfiðlega að komast í undirbúning fyrir áramót en hefur gengið mun betur eftir áramót. Næsta vetur verðum við að láta undirbúninginn ganga fyrir og vera duglegri að grípa í faliðunarferli ef þarf til að geta haldið uppi því faglega starfi sem við viljum.
Innra mat – börnin	Börnin fengu broskallamiða	Börnin	Börnin fengu broskallamiða þar sem þau merktu við hvernig þeim fannst viðkomandi viðfangsefni.



			Það kom í heildina mjög vel út og börnin ánægð.
Útivera	Á deildarfundum og stjórnendafundum og skipulagsdögum	Starfsmenn	Höfum verið með tvískipta útiveru eftir áramót, þar sem yngri börnin fara út fyrir hádegi og þau eldri eftir hádegi. Það hefur gefið okkur góða raun. Erillinn í fataherberginu hefur minnkað, auðveldara að gefa öllum börnunum athygli og aðstoða þau. Börnin sem eru inni fá þá líka meira rými til að leika.
Deildarfundir	Á stjórnendateymisfundum	Stjórnendateymið	Það gekk misvel að halda fundi fyrir áramót en hefur gengið mun betur eftir áramót. Þurfum að hafa varaplan ef fundir detta út.
Skólaheimsóknir	Á stjórnendateymisfundum	Stjórnendateymið	Gekk mjög vel, góð samvinna við Hólabrekkuskóla.
Verkfærakistan	Á deildarfundum og stjórnendafundum	Starfsmenn	Í heildinni gekk vel að vinna með verkfærin í verkfærakistunni og sjáum við mun á börnum félagslega þegar við náum að halda þessu við. Þurfum að setja þetta fast inn í skipulagið hjá okkur.
Jákvæður agi	Á deildarfundum og stjórnendafundum og stýrihópsfundum	Starfsmenn	Gengur mun betur en síðasta vetur. Stýrihópurinn hittist reglulega eða u.þ.b. á 3ja vikna fresti. Þurfum að halda áfram á sömu braut.
Starfsþróunarsamtal	Á stjórnendateymisfundum	Stjórnendur	Gengið mjög vel, nánast allir starfsmenn hafa fengið starfsþróunarsamtal. Næsta vetur ætlum við að hafa 2-3 styttri



			samtöl með afmörkuðu efni til að ræða.
Sumarhátíð	Á deildarfundum og stjórnendafundum	Allir	Gekk mjög vel, á næsta ári ætlum við að senda út rafræna könnun til foreldra.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Sent á starfsmenn í gegnum tölvupóst	Allir starfsmenn	Það tóku mjög fáir starfsmenn þátt. Sjáum fyrir okkur að næst þegar könnunin verður lögð fyrir að starfsmenn fái aðstoð við að skrá sig inn í kerfið svo þeir geti svarað.



2.2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Upplýsinga-flæði til foreldra	Að allir séu duglegri að miðla upplýsingum og fréttum til foreldra.	Að vikan endi á því að sendar séu fréttir til foreldra og a.m.k. einu sinni í mánuði séu myndir settar í Völuna.	Stjórnendateymi leikskólans	Ágúst '23	Júní '24	Einu sinni í mánuði fer leikskólastjóri yfir þetta með öðrum stjórnendum	Að allir foreldrar upplifi sig jafna í upplýsingamiðlun óháð því á hvaða deilda barnið þeirra er.
Uppeldis- og menntastarf							
Barnafundir	Viljum að öll börnin fái tækifæri til að fara á barnafund a.m.k. 2svar í viku.	Við ætlum að útbúa skráningablöð sem munu hanga inni á deildum þannig að allt starfsfólk sjái og geti merkt við þegar það er búið að vera með barnafund.	Allt starfsfólk leikskólans.	Ágúst '23	Júní '24	Við metum þetta á stýrihópsfundum, stjórnendafundum og deildarfundum.	Þegar barnafundir eru komnir í fast horf og ekki þarf að minna á þá.
Könnunar-aðferðin	Að börnin fái tækifæri til að vinna	Notum aðferðafræði könnunaraðferðarinnar	Allt starfsfólk leikskólans	Sept '23	Mai '24	Þetta verður metið á stjórnendafundum,	Að öll börnin séu ánægð og séu að vinna

	út frá sínu áhugasviði.	til að kanna áhugasvið barnanna.				deildarfundum og skipulagsdögum.	að einhverju sem þau hafa áhuga á.
Flæði	Að einu sinni í viku sé boðið upp á flæði þar sem börnin geta farið um allan leikskólann og valið hvað þau gera út frá þeirra áhugasviði.	Starfsmenn verði búnir að undirbúa stöðvar um allan leikskólann.	Allt starfsfólk leikskólans	Sept '23	Maí '24	Metið á deildarfundum, stjórnendafundum, skipulagsdögum og svo fáum við börnin til að meta þetta líka.	Að börnin geti valið sér viðfangsefni eftir þeirra áhugasviði og verði sjálfstæðari í hugsun.
Mannauður/Leikskólabragur							
Deildarfundir	Að allar deildir hafi deildarfundir a.m.k. einu sinni í mánuði	Deildarstjórar skrái í dagbók deildarinnar að hausti þá deildarfundir sem búið er að skipuleggja, ef fundirnir falla niður að það sé strax fundinn nýr tími.	Stjórnendateymið	Ágúst '23	Júní '24	Metið á stjórnendafundum einu sinni í mánuði.	Ef allar deildir ná að hafa a.m.k. einn deildarfund í mánuði þá er takmarkinu náð.
Innra mat							



Börnin meta starfið	Að starfsmenn verði duglegri að láta börnin meta daglegt starf í leikskólanum.	Undirbúa að hausti þá þætti sem á að meta reglulega	Allt starfsfólk	Ágúst '23	Júní '24	Metið á stjórnendafundum og deildarfundum	Hægt verði með auðveldum hætti að skoða þá þætti sem börnin meta og sjá hvort þörf sé á að breyta eða bæta.
----------------------------	--	---	-----------------	-----------	----------	---	---



2.3 Innra mat Spóalands

Haustið 2022 byrjuðu 24 börn á deildinni og svo bættist það 25. við þegar líða tók á skólaárið. Starfsmannahópurinn samanstóð af 1 reynslumiklum starfsmanni ásamt 3 starfsmönnum með skamma starfsreynslu í leikskólanum. Gott andrúmsloft var á deildinni og góð samvinna. Börnin á Spóalandi eru á aldrinum 2ja til 6 ára. Á deildinni eru 14 börn af erlendum uppruna og eru flest þeirra fædd 2019 og 2020 eða 11 talsins. Í febrúar fengum við fimmta starfsmanninn til okkar og fór þá að ganga betur og stuðningsaðilinn fór þá alveg í sérkennsluna. Ákveðið var að sleppa hópastarfi á miðvikudögum til að koma fyrir tíma fyrir undirbúning fagfólks og það sem ekki næðist að taka þann dag var unnið á föstudögum. Aðrir starfsmenn hafa farið í undirbúning á morgnana milli kl. 8:00 og 9:00.

Haustið var strembið, hópastarfið byrjaði ekki fyrr en í október og gekk brösuglega vegna fjarvista barna og starfsfólks. Við þurftum að grípa til þess ráðs að senda börn heim nokkrum sinnum. Í hópastarfinu héldum við áfram að vinna með Lubbi finnur málbein, Verkfærakistuna/félagsfærni, hreyfingu, list og vettvangsferðir. Byrjuðum við á því vinna með Verkfærakistuna, gekk það ágætlega en ekki hefur tekist nógu vel að halda henni við og klára verkefni. Lubbi hélst alltaf inni og lögðum við áherslu á að þær stundir dyttu ekki niður. Skólahópur byrjaði ekki í íþróttum fyrr en í janúar þar sem erfiðlega gekk að finna kennara hjá ÍR sem býður okkur að koma í íþróttahúsið í Austurbergi. Við þurfum svo að bæta okkur með Barnafundina sem gleymast alltof oft.

Það er eitt barn með stuðning hjá okkur 1x6 tíma á dag og hefur gengið ágætlega að sinna því. Eftir áramót bættist við annað barn hjá okkur með stuðning. Í vor náðum við að setja inn markvissa málörvun fyrir þau börn sem þess þurfa og tók einn starfmaður það að sér. Hefur hún fengið leiðbeiningar hjá sérkennslustjóra vegna þess.

Foreldrasamstarf var gott og reyndum við að skapa sem besta samvinnu og traust milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu, í október var viðtal við nýja foreldra. Í mars var svo öllum boðið í viðtal sem allir þáðu. Einnig geta foreldrar óskað eftir auka viðtölum.

Upplýsingar til foreldra fóru að mestu fram í gegnum Facebook síðuna okkar, tölvupóst eða munnlega.

Samvera – matartími og hvíld

Samverustundir eru fastir liðir í dagskipulaginu hjá okkur og ákváðum við í vetur að skipta samverustundunum upp sem eru fyrir hádegismat og drekkutíma. Fyrir hádegi skiptast þau í þrjá hópa og fyrir drekkutíma í tvo. Fer skiptingin eftir getu barnanna, hvað þau þurfa og skilja.

Matartíminn gengur vel, borðum er skipt eftir hópum og hefur það haldist að skólahópur borðar inni í Listabergi. Börnin eru hvött til að skammta sér sjálf og passa að skammta sér eins og þau ætla að borða. Við tölum um að það sé betra að skammta sér minna og fá ábót frekar en of mikið og skilja mat eftir.

Hvíldinni er skipt í tvennt, yngri börnin inni í Kubbabergi og eldri í Salnum. Yngri hvíldin gengur nokkuð vel en í eldri hvíldinni er mikill óróleiki og mörg börn með eitthvað í höndunum til að geta slakað á.

Þetta skólaárið höfum við lagt áherslu á tvískipta útiveru, yngri hóparnir fara fyrir hádegi og eldri um kl. 13:00. Með þessu skapast meira leikrými fyrir börnin þó mörg þeirra kjósi að sitja við borð og teikna, perla, púsla o.s.frv. Í lok dags fara svo allir út að leika.



2.3.1 Umbótaáætlun Spóalands 2023 - 2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum	Stefnt er að því að leggja meiri áherslu á barnafundi. Starfsmenn finna tíma í hverri viku til að halda fund og verða búin að ákveða viðfangsefni fyrir fundina. Hugmyndir settar á blað á deildarfundum.	Starfsfólk leggur meiri vinnu í að skipuleggja barnafundi fyrir fram og forðast að hafa alla fundi eins.	Allt starfsfólk deildarinnar	Ágúst '23	Júní'24	Punkta hjá sér, spyrja börnin, ýta undir það að öll taki virkan þátt á fundum. Hlusta á börnin.	Að starfsfólk taki mark á börnunum og þeirra upplifunum. Starfsfólk þarf að hlusta á börnin og vera til staðar fyrir þau, alltaf. Fara yfir hvernig gengur og hvað má gera betur á deildarfundum.
Ferilmöppur	Stefnt er að því að skrá niður nám barnanna.	Hver og einn starfsmaður sér um sinn hóp. Hafa allt tilbúið að hausti og vera með skráningarblað hjá sér til að merkja við.	Allt starfsfólk deildarinnar	Ágúst'23	Júní'24	Að vori munu kennarar skoða möppur barnanna og athuga hvort allt sé inni í möppunum.	Að öll börn deildarinnar verði komin með ferlimöppu þar sem nám þeirra og annað er skráð.

2.4 Innra mat Prastalands

Í byrjun annar voru fimm starfsmenn á deildinni, síðan urðu þeir fjórir og einn stuðningsfulltrúi. Aðlögun hófst í lok ágúst og stóð fram í október. Deildin endurnýjaðist alveg og byrjuðu 15 ný börn á þessu tímabili í fjórum hollum. Aðlögun gekk vel. Aldur barnanna á deildinni var eins til tveggja ára.

Samstarf við foreldra var mjög gott og samskipti starfsfólks og foreldra ágætt. Tvö foreldraviðtöl voru yfir veturinn, eitt í nóvember og annað í mars. Vikupóstur var sendur einu sinni viku til foreldra í tölvupósti og einnig á facebook síðu deildarinnar. Myndir úr leik og starfi voru birtar að minnsta kosti einu sinni í viku í Völu-appi.

Hópastarf hófst í október og börnunum var skipt í fjóra hópa óháð aldri. Hóparnir voru svo endurskipulagðir til að mæta þörfum barnanna. Breytingar á skipulagi hópastarfs voru gerðar í byrjun ársins. Inn í hópastarfið fellur ýmislegt svo sem samskipti, málörvun og að leika saman í hóp.

Umbótaþættir í vetur voru að börnin auki orðaforða með virkri umræðu og að auka sjálfstæði og ábyrgðar tilfinningu barnanna. Markvissari málörvun utan hópastarfsins var hafin eftir áramót og ákveðið var að hafa eitt þema í mánuði.

Börnin hafa alltaf frjálstan aðgang að bókum. Í söngstund eru alltaf tveir söngstjórar og fá þeir að taka þátt í að stjórna söngstund í viku í senn. Börnin velja hvaða lög eru sungin og fá stundum að stjórna handbrúðum sem passa við lögin. Börnin fá líka að velja hvaða leikföng eru í boði í frjálsum leik. Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf úr og í bæði útiföt og inniföt og miklar framfarir hafa orðið með tímanum. Þau þvo sjálf hendur eftir útiveru og einnig þvo þau hendur og munn með þvottastykki eftir matartíma.

Samkvæmt jákvæðum aga er mikilvægt að skapa tækifæri fyrir börnin til að hafa hlutverk, þannig finna þau að þau séu mikilvægur hluti af heldinni og að þau skipti máli, þetta eflir einnig sjálfstæði þeirra. Út frá þessu fengu börnin hlutverk í leikskólanum: myndastjóri, vagnstjóri, tveir söngstjórar og veðurfræðingur.

Við málörvun var stuðst við kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“, önnur málörvun var virk hlustun, virk umræða og hvert tækifæri nýtt til að tala saman. Þennan vetur var haldið áfram með verkefnið Gefðu 10. Þó þetta verkefni sé ætlað sérstaklega til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn, var það notað fyrir flest börn deildarinnar.

Einu sinni í viku eru málörvunarstundir hluti af hópastarfi, tvisvar á dag eru söngstundir og sögustundir í litlum hóp eru daglega. Auk þess sem tíminn eftir hvíld er vel nýttur í lestur og spjall. Í apríl byrjuðu reglulegar ferðir á bókasafnið í Gerðubergi þar sem var lesið fyrir börnin. Börnin voru tekin í litlum

hópum í málörvunarstundir þar sem var lesið og spilað. Málörvun hefur því almennt gengið mjög vel en það má alltaf gera betur og því verður markvissari málörvun aftur umbótaþáttur næsta vetur. Þemu fyrir hvert mánuð voru sýnileg og bækur og spil voru flokkuð eftir þema hvers mánaðar. Mánaðarlega var bókum úr bókasafninu bætt við samkvæmt þema.

Barnafundir voru fastur hluti af hópastarfi frá byrjun annar og þeir voru haldnir einu sinni í viku. Á þrastalandi snúast barnafundir um að æfa sig að sitja í hring og hlusta á hvert annað. Einnig voru verkefni úr Verkþæraástandi KVAN unnin á barnafundum.

Í vetur var áfram unnið að ferilmöppum barnanna. Í þær fer ýmislegt sem við kemur þroska og námi barnanna.

Útiveran var tvisvar á dag. Í aðlöguninni var útivera eingöngu í litla garðinum en seinna var stóri garðurinn mikið notaður. Börnin fengu einnig tíma í fataherberginu til þess að æfa sig að klæða sig sjálf. Þessi tími tvinnast inn í hópastarfið. Þau læra heilmikið og eflast við þetta.

Í heildina gekk starfið mjög vel, starfsfólk deildarinnar var mjög samstíga. Gagnkvæm virðing ríkti milli allra starfsmanna. Allir starfsmenn voru með sama markmið að láta starfið ganga vel fyrir sig. Unnið var að því að kenna börnunum frumkvæði, sjálfsbjörg og að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og taka virkan þátt í leik og starfi. Starfsmenn munu halda áfram að sýna börnunum ómælda umhyggju og hvetja þau áfram í að verða sjálfstæðir einstaklingar.

Umbótaþættirnir fyrir næsta vetur verða markviss málörvun og skipulagðar hreyfistundir.



2.4.1 Umbótaáætlun Prastalands 2023 - 2024

Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf á bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði
Málörvun	Að börnin auki orðaforða með virkri umræðu í samverustundum, sem og við matarborðið og hvenær sem er yfir daginn.	Hafa fyrir fram ákveðin þemu mánuð í senn. Leggja orð á allt sem er vert í leik og starfi. Þannig verða til umræður sem auka skilning þeirra og orðaforða. Þema hvers mánaðar verður sýnilegt innan deildarinnar.	Frá október fram í maí	Allt starfsfólk deildarinnar.	TRAS skráning á málþroska ungra barna. Metum á deildarfundum í desember og maí.	Að börnin eflist í töluðu máli.
Skipulagðar hreyfistundir	Að auka liðleika, samhæfingu og þol sem eru mikilvægir þættir fyrir hreyfigetu.	Með því að skipuleggja hreyfistundir fyrir fram. Hafa minni hópa. Endurskoða þau áhöld sem til eru.	Frá september fram í maí.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Einu sinni í mánuði á deildarfundum. Skráningar á hreyfistundum.	Að hreyfistundir verði skipulagðari og markvissari ásamt því að fá meiri aga í hreyfistundirnar.

2.5 Innra mat Lóulands

Á Lóulandi eru 25 börn og fimm starfsmenn, þrír reynslumiklir og tveir reynsluminni starfsmenn. Gott samstarf og andrúmsloft ríkir á deildinni. Börnin á deildinni eru á aldrinum 2ja til 6 ára. Aðlögunin hjá okkur gekk frekar illa, börnin voru yngri og frekar lengi að aðlagast. Ákveðið var að sleppa hópstarfi einu sinni í viku til að fagfólk kæmist í undirbúning. Það var einnig ákveðið að Eflingarstarfsfólk tæki undirbúning í lok dags meðan börnin væru í útiveru.

Foreldrasamstarfið var gott yfir heildina, reynt er að skapa samvinnu og traust á milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtölin voru bæði fyrir og eftir áramót. Einnig höfðu foreldrar tækifæri á að biðja um auka viðtal. Upplýsingar til foreldra voru aðallega munnlega og einnig í gegnum tölvupóst eftir ábendingu frá foreldri. Við notuðum mikið facebooksíðuna okkar til að koma fram upplýsingum og segja frá starfi leikskólans, þar sem hún virðist ná best til foreldra.

Hópstarfið byrjaði ekki fyrr í október og náðum við varla heilli viku vegna fjarveru starfsmanna en við reyndum að gera okkar besta. Því miður þurftum við nokkru sinnum að senda börn heim. Hóparnir voru fjórir og skiptum við í hópana eftir aldri barnanna. Við unnum aðallega með málbeinið hans Lubba og náðum við flestum máhljóðum hans. Einnig unnum við með Verkfærakistuna/félagsfærni þegar tækifæri gafst. Í janúar byrjaði skólahópurinn í íþróttum hjá ÍR í Austurbergi undir leiðsögn hjá frábærum kennara. Yngri börnin notuðu salinn í leikskólanum. Barnafundir gengu ágætlega og reyndum við að hafa fundi tvisvar sinnum í viku með eldri og einu sinni í viku með yngri, náðum því ekki alltaf. Ákveðið var að tvískipta útiverunni, yngri færu út fyrir hádegi og eldri eftir hádegi og hefur þetta minnkað álagið mikið á deildinni. Í lok dags skilum við úti. Einn af umbótaþáttum deildarinnar er að vinna með Gefðu 10, útbjuggum við plan þar sem fram kemur hvaða börn á að vinna með og hugmyndir til þess, hefur þetta gengið betur en áður.

Tvisvar yfir skólaárið hefur verið lestrarátak þar sem börnin fara heim með Lubba málbein og foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börnin sín. Það sem er lesið heima er merkt á beinin (blaðsíðu fjöldi, nafn barns og heiti bókar) og er svo sett á Lubba fjallið okkar hér í leikskólanum.

Samvera var fastur liður í dagskipulaginu tvisvar á dag, við ákváðum að skipta barnahópnum í tvennt en það gekk misvel að fylgja því. Matmálstími gekk yfir heildina vel, mikil ró og næði og oft skemmtilegar umræður hjá börnunum. Skólahópurinn borðar í Listaberg til að auka gólfleikrými á deildinni og verða þar áfram. Hvíldin var hefðbundin, hópnum skipt í yngri og eldri.

Yfir heildina gekk samstarfið á deildinni vel og á milli starfsfólks ríkti virðing og traust. Við lögðum áherslu á að hver og einn starfsmaður færi eftir deildarskipulaginu, inni sjálfstætt og hefði yfirsýn yfir það sem þyrfti að gera til að allt gengi vel á deildinni.



2.5.1 Umbótaáætlun Lóulands 2023 - 2024

UMBÓTAÞÆTTIR Lóulands	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Að allir starfsmenn tileinki sér Gefðu 10	Ákveðum fyrir fram hvaða börnum eigi að sinna á hverju tímabili.	Deildarstjóri	Haust 2023	Vor 2024	Metið á deildarfundum sem eru í hverjum mánuði. Farið yfir skráningar og málin rædd og næstu börn ákveðin.	Þegar þau börn sem hafa fengið Gefðu 10 eru komin með meiri orðaforða og farin að tjá sig meira.
Ferilmöppur	Stefnt er að því að skrá niður nám barnanna.	Hver og einn starfsmaður sér um sinn hóp. Hafa allt tilbúið að hausti og vera með skráningarblað hjá sér til að merkja við.	Allt starfsfólk deildarinnar	Haust 2023	Vor 2024	Að vori munu kennarar skoða möppur barnanna og athuga hvort allt sé inni í möppunum.	Að öll börn deildarinnar verði komin með ferlimöppu þar sem nám þeirra og annað er skráð.

2.6 Innra mat sérkennslu

Í sérkennslu í vetur voru sjö börn, þar af tvö börn í fyrsta flokki og fimm börn í öðrum flokki. Fjórir sérkennslustarfmenn sinntu stuðningi við börnin undir handleiðslu sérkennslustjóra og ráðgjöf frá Suðurmiðstöð.

Eitt barn er komið með greiningu og stuðning frá Greiningarstöð ríkisins og þrjú börn eru í bið eftir greiningu.

Markviss þjálfun með sérkennslustuðningi fór fram í vetur með hverju þessara barna og stuðningur inni á deildum eftir atvikum.

Þrjú sérkennslubörn fara reglulega í talþjálfun hjá talmeinafræðingi og er leiðbeinandi samstarf á milli leikskólans og talmeinafræðinga.

Í þjálfun barnanna er stuðst við atferlisþjálfun og skráningu úr bókinni *Behavioral Intervention for Young Children with Autism* og einnig er stuðst við AEPS listann.

Reglulegir samráðsfundir eru með ráðgjöfum frá Suðurmiðstöð og reglulegir teymisfundir með foreldrum þar sem farið er yfir hvað hefur áunnist og hvað má betur fara.

Þrír starfsmenn sérkennslu fengu þjálfun í atferlisskráningu og einn starfsmaður hefur farið á sérstakt námskeið fyrir einhverf börn.

Ferlið sem unnið er eftir

Ef deildarstjóri telur að barn þurfi sérstakan stuðning umfram það sem deildin veitir eru sendar viðtalsbeiðnir og/eða tilvísanir á Suðurmiðstöð. Viðkomandi ráðgjafi sem ýmist getur verið sálfræðingur, félagsráðgjafi, hegðunarráðgjafi og/eða sérkennsluráðgjafi setur sig þá í samband við leikskólann sem boðar til fundar með foreldri.

Á þeim fundi er deildarstjóri, sérkennslustjóri og foreldri og viðkomandi fagráðgjafi frá Suðurmiðstöð. Þegar niðurstaða liggur fyrir er gerð einstaklingsáætlun út frá færnimati og stuðningur hefst.

Samstarf og handleiðsla frá fagteymi Suðurmiðstöðvar er afar gott og vel haldið utan um hvert barn sem þarf á stuðningi að halda og jafnframt faghandleiðsla fyrir starfsfólk.

2.6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Reglulegir sérkennslufundir	Meiri áhersla á færniþjálfun inni á deildum og meta framfarir og yfirfærslu inni á deild barnsins.	Markviss skráning. Starfsáætlun og endurmat á mánaðar fresti.	Sérkennslu- stjóri, sérkennslu- stuðnings- aðilar og deildarstjórar	Haust	Vor	Með því að nota atferlisskráningu, APES, Efi, Hljóm og með markvissu endurmati á framförum barns út frá einstaklingsnámskrá.	Endurmat og áætlun unnin út frá árangursmati og viðmið er einstaklingsnámskrá
Skipulag á sérkennsluherberginu Álfabergi	Fjölbreytt einstaklingsvinna	Ákveðinn tími sem hægt er að ganga að vísun tíma fyrir einstaklingsþjálfun.	Sérkennslu- stjóri	Haust		Einstaklingsnámskrá höfð til hliðsjónar inni á deild barnsins.	Samræma einstaklings vinnu við deild
Regluleg námskeið	Kynna okkur starfsemi á öðrum stöðum. Notað í sérkennslu og fá gögn að láni til að innleiða nýtt efni eftir þörfum.	Að nýta okkur námskeið sem okkur stendur til boða varðandi börn með sérþarfir.	Sérkennslu- stjóri, sérkennslu- stuðnings- aðilar og deildarstjórar	Haust	Vor	Áhersla á faglega eftirfylgni við starfsmann	Samstarf og endurgjöf milli stuðningsaðila

2.7 5. Innra mat – fjöltyngd börn.

Í sérkennslu voru tvö börn frá Úkraínu og var unnið með þau bæði á sínu tungumáli og lögð inn íslensk orð. Áhersla var á að starfsmaður sem talað gæti bæði tungumálin væri stuðningur í hópastarfi og við matartíma og þegar farið var í vettvangsferðir.

Þrjú önnur börn með annað tungumál voru í sérkennslu og var áhersla á markvissa málörvun bæði í einstaklingstímum og í hópastarfi. Notast var við Pecs myndir við daglegar athafnir og markvisst lögð inn orð við allar daglegar athafnir.

Starfsfólk á deildum nýttu sér Pecs myndir í stuðningi við tvítyngd börn og í innleiðingu á að auka orðaforða barnanna.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Veturinn 2022 – 2023 fékk mikill meirihluti starfsmanna starfsþróunarsamtal. Leikskólastjóri ákvað að nú skyldu allir fá eitt viðtal og gekk það mjög vel. Samtölin hófust í febrúar og þeim lauk í byrjun júní.

Haustið 2022 fóru 3 starfsmenn á réttindanámskeið í Jákvæðum aga og 3 starfsmenn fóru á Lubba námskeið. Þrír starfsmenn sóttu íslensku námskeið allt starfsárið, einu sinni aðra hvora viku á vinnutíma. Einhverjir starfsmenn byrjuðu á að sækja námskeið hjá menntafléttunni en náðu ekki að klára vegna óviðráðanlegra ástæðna. Allir starfsmenn sóttu námskeið um könnunaraðferðina og allir starfsmenn fengu fræðslu um flogaveiki. Einhverjir starfsmenn fóru á EFI-2, Hlóm2, AEPS og einhverfu námskeið, ásamt styttri fræðslu. Í vor fór svo stór hluti starfsmanna til Brighton þar sem við kynntumst betur vinnu með verðlausan og opinn efnivið og numicon stærðfræðikubbum.

Veturinn 2023 – 2024 ætlum við að fara á skyndihjálparnámskeið ásamt starfsfólki Hólaborgar. Tveir starfsmenn munu fara á réttindanámskeið í Jákvæðum aga.

Deildarstjórar munu halda áfram á námskeiði um markvissa málörvun sem haldið er af MML.

Einnig ætlum við að nýta okkur menntafléttu námskeiðin, bæði þau sem eru í rauntíma og líka þau sem eru í opnu menntafléttunni.

Við munum halda áfram að þróa okkar vinnu í sköpun með því að sækja námskeið og fyrirlestra.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg, í ár endurvöktum við sameiginlega sumarhátíð þessara þriggja leikskóla. Við sóttum um styrk í hverfasjóð og fengum styrk sem gerði það að verkum að við gátum haft lúðrasveit og boðið upp á leiksýningu með leikhópnum Lottu. Þetta tókst allt saman mjög vel og erum við einróma um að endurtaka þetta aftur á næsta ári.

Samstarf við Hólabrekkuskóla, um haustið fóru elstu börnin í heimsókn og fengu að skoða skólann undir leiðsögn starfsmanns skólans, síðan fóru þau út og fengu að leika á skólalóðinni. Í maí fóru börnin að heimsækja skólann aftur og fóru börnin með starfsfólki leikskólans og sátu í kennslustund. Einnig fengu þau að heimsækja frístundaheimilið Álfheima. Um miðjan maí fóru deildarstjórar elstu barnanna á fund þar sem fram fóru skil milli skólastiga. Einnig komu nemendur í 1. bekk 2svar í heimsókn til okkar, einu sinni í inniheimsókn og einu sinni í útiheimsókn. Á degi íslenskrar tungu komu nemendur úr 7. bekk og lásu fyrir okkur. Krakkarnir í 5. bekk komu svo í heimsókn til okkar með frumsamið ljóð og börnin okkar hér í Hraunborg myndskreyttu ljóðið og fóru með það í Hólabrekkuskóla. Við erum mjög ánægð með samstarfið við Hólabrekkuskóla.

Tónlistarskóli Sigursveins, elstu börnin okkar fóru í heimsókn í tónskólann þar sem þau fengu að kynna töfraheimi hljóðfæranna í kringum hið árlega samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíðina.

Barnamenningarhátíðin, elsti árgangurinn í leikskólanum tekur alltaf þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðarinnar þar sem börnin eru búin að æfa fyrir fram ákveðin lög og mæta svo í Hörpuna og syngja ásamt fjölda annarra leikskólabarna úr Reykjavík. Mikil ánægja var með verkefnið þetta árið og heyrðust löginn hennar Röggva Gísla hér í leikskólanum í tíma og ótíma.

Borgarbókasafnið í Gerðubergi, öll börnin fara í skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið. Börnin kynna bókafninu í gegnum lestur og leik, þau sækja þangað skipulagðar sögustundir.

Samstarf við slökkviliðið, hefðin er sú að starfsmenn slökkviliðsins heimsækja okkur einu sinni á ári til að fræða elstu börnin um eldvarnir og taka út eldvarnir í leikskólanum og passa að þær séu allar í lagi. Í ár fengum við sent fræðslufni sem við fórum yfir með börnunum. Elstu börnin sjá um mánaðarlegt eftirlit á öryggisþáttum eins og til dæmis að flóttaleiðir séu greiðar, hurðapumpur séu virkar og slökkvitæki séu aðgengileg.

Íþróttafélag Reykjavíkur – ÍR, elstu börnin í leikskólanum sækja íþróttatíma í boð ÍR í íþróttahúsið í Austurbergi einu sinn í viku undir handleiðslu þjálfara.



8 Foreldrasamvinna

Það er öflugt foreldrafélag starfandi við leikskólann. Aðalfundur var haldinn í október og þar tók ný stjórn við. Auðvelt var að fá foreldra til að koma í stjórnina. Það eru ýmsir viðburðir sem foreldrafélagið hefur séð um eða komið að í samvinnu við leikskólann. Ákveðið var eftir þungt haust að hafa ekki jólaföndur þar sem öllum fannst nóg um að vera fyrir jólin. Þess í stað var ákveðið að foreldrafélagið myndi halda bingó fyrir páska. Foreldrafélagið fékk hátíðarsalinn í Hólabrekkuskóla lánaðan og heppnaðist þessi viðburður mjög vel.

Þegar jólaball leikskólans var haldið sá foreldrafélagið um þanta jólasveina og kaupa gjöf frá jólasveininum til barnanna. Í maí stóð foreldrafélagið fyrir sveitaferð sem var farin á sunnudegi og var ágætis þátttaka. Í ár fóru elstu börnin í útskriftarferð í Vatnaskóg og greiddi foreldrafélagið þá ferð niður. Þegar börnin útskrifast úr leikskólanum fá þau sundpoka með nafninu sínu á að gjöf frá foreldrafélaginu. Eins og áður hefur komið fram þá héldum við sameiginlega sumarhátíð með Hólaborg og Suðurborg. Foreldrafélag Hraunborgar lagði sitt fram til að þetta gæti orðið að veruleika, það var boðið upp á lúðrasveit og leikhópin Lottu.

Foreldrafundir voru haldnir í framhaldi af aðalfundi foreldrafélagsins en því miður var mæting foreldra ekki góð. Nýjum foreldrum var kynnt starfsemin á aðlögunartíma barnsins.

Foreldraviðtöl voru í september fyrir foreldra þeirra barna sem voru að flytjast á milli deilda og svo í nóvember fyrir foreldra nýju barnanna. Þessi viðtöl tókust mjög vel. Í mars voru svo viðtöl fyrir alla og tókust þau viðtöl líka mjög vel. Flestir foreldrar nýttu sér viðtölin og voru flestir ánægðir með starfið og þær framfarir sem börnin sýndu.

Velkomin verkefnið hefur verið í gangi hjá okkur s.l. 2 vetur og hefur það gengið vel. Á fyrsta fundi koma foreldrar ásamt barni og starfsfólki leikskólans. Á fundi 2 kemur starfsmaður Suðurmiðstöðvar og kynnir hverfið okkar og Suðurmiðstöð fyrir foreldrum.

Foreldraráð var starfandi og var samvinna við það í sambandi við þær breytingar sem eru fram undan hjá okkur í Hraunborg. Í haust ætlum við að aldursskipta deildunum og hafa eina yngstu deild, eina mið deild og eina elstu deild. Í foreldraráðinu áttu foreldrar tveggja barna sæti í vetur.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 22. september – allur dagurinn
- 17. nóvember – allur dagurinn
- 2. janúar – allur dagurinn
- 1. mars – allur dagurinn
- 17. maí – allur dagurinn
- 7. júní – allur dagurinn

Sameiginlegir dagar með Hólabrekkuskóla eru 22. september, 1. mars, 17. maí og 7. júní.



Leikskóladagatal 2023 - 2024

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S Bleikur mánudur	1 M	1 F Fúlvéldisdagurinn Vöfruskafi og júlíufudagur	1 M Nýársdagur	1 F	1 F Skipulagsdagur a.d	1 M Annar í Fákum	1 M Verkalýðdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ Skipulagsdagur a.d	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómarnadagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M Vasa	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M Féreltrafóttí Spítaland	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F Leikfangdagur	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M Kirkjuféð	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Friðdagur verksunanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F Töskunir og úthvarf dagur	7 S	7 M Dagur fórnleikskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F Skipulagsdagur a.d	7 S
8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppsýrnisdagur	9 S	9 Þ
10 F Leikskólinn opnar kl 12	10 S	10 Þ	10 F Lesnarabók heftur	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M Hjópastarí heftur	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenskra táknaðsins	11 M Féreltrafóttí Lóuland	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bóltdagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F Bleikur dagur	13 M Féreltrafóttí á Þrastalandi	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Ostuðagur	14 F Dagur starfsmanna	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F Jólabóljómabútur	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F Konungskaffi	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 M Skipulagsdagur a.d	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Skipulagsdagur	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M
18 F	18 M Féreltrafóttí vöngna barna á Lóulandi	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góðu	18 M Féreltrafóttí Þrastaland	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bónsdagur - bóndagaskaffi	19 M Veitrafétt í grunnskólum	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ Veitrafétt í grunnskólum	20 M	20 L	20 M Annar í Helgasunnudagur	20 F	20 L
21 M Útskipti elstu barnanna	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ Aðlagur milli deilda	22 F Skipulagsdagur a.d	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Borkálmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F Bókudagur	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F	24 M Þróttavika	24 M
25 F	25 M Féreltrafóttí vöngna barna á Spítalandi	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ Evrópski tungumálldagurinn	26 F Veitrafétt í grunnskólum	26 S	26 Þ Annar í jólu	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F Veitrafétt í grunnskólum	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M Aðlagur nýja barna heftur	28 F	28 L Fyrsti veitrandagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F Bóttadagur	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Féreltrafóttí langi	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M Lesnarabók heftur	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 S Þjáskudagur		31 F		31 M

Í reglum um leikskólabjónustu segir:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelldi í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

Starfsáætlun 2023 – 2024 Hraunborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Inga Björg Kjartansdóttir

Valur Þór Kristjánsson

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Leikskólinn Hraunborg leggur áherslu á leik, læsi og lífsgleði í leikskólastarfi. Leikskólinn hjálpar börnunum að öðlast sjálfsþekkingu og sjálfsvirðingu, að bera virðingu fyrir öðrum, og þróa sjálfstæði, jákvæða sjálfsmynd, og uppbyggileg samskipti. Nám sem er boðið upp á byggir á áhuga barnsins og því að læra af eigin reynslu. Leikskólinn miðar að starfsumhverfi sem er umhyggjusamt, byggir á virðingu, hlustun, vináttu og festu. Varðandi umbótastarf má þar nefna innleiðingu á jákvæðum aga og Lubba. Framundan eru breytingar þar sem deildir verða aldurskiptar og er búist við að það muni stuðla að markvissari starfsemi og auka frekar félagsfærni barnanna. Foreldraráð er spennt fyrir þessari breytingu, hafa ekki heyrt neitt nema gott um hana frá öðrum foreldrum.

Varðandi innra mat Spóalands: deildin er fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildin hefur 25 börn og starfsmannahóp sem vinnur vel saman. Fastir liðir á deildinni snúa að samveru, matartíma og hvíld barnanna. Matartíminn er skipulagður vel og börnin eru hvött til að skammta sér sjálf og passa að borða eins og þau ætla. Hvíldinni er skipt í tvennt, yngri börnin hvíla inni og eldri í sérstöku rými. Útivera er einnig mikilvægur þáttur í dagskránni og börnin hafa meira leikrými þegar hóparnir eru skiptir í tvo, allir fara út að leika í lok dags. Foreldrasamstarf er gott og upplýsingar eru sendar til foreldra með mismunandi leiðum. Ýmsar áskoranir sem snúa að hópastarfi og íþróttastarfi hafa komið upp, en lausn fundist að lokum.

Varðandi innra mat í Þrastalandi: fimm starfsmenn byrjuðu, en urðu síðar fjórir og einn stuðningsfulltrúi. Milli ágúst og október hófst aðlögun og 15 ný börn byrjuðu í fjórum hollum. Aðlögunin gekk vel og samstarf við foreldra var gott. Foreldraviðtöl voru haldin, vikupóstur og myndir sendar foreldrum til að halda þeim upplýstum. Hópastarf hófst í október, þar sem börnunum var skipt í fjóra hópa óháð aldri og skipulagið haft þannig að þarfir barnanna voru hafðar að leiðarljósi. Umbótaþættir sneru að því að auka orðaforða, sjálfstæði og ábyrgðartilfinningu barnanna. Börnin höfðu frjálstan aðgang að bókum, tóku þátt í söngstundum og fengu að velja leikföng. Hlutverk voru gefin börnunum, og málörvun, söngur, og sögustundir voru hluti af daglegu starfi. Reglulegar ferðir voru farnar á bókasafnið í Gerðuberg og barnafundir haldnir einu sinni í viku. Starfsmenn höfðu sameiginleg markmið um að efla sjálfstæði, skoðanamyndun og frumkvöðlastarf barnanna. Áætlað er að næsta vetur verði markviss málörvun og skipulagðar hreyfistundir mikilvægir umbótaþættir.

Varðandi innra mat Lóulands: Deildin er samsett af 25 börnum og fimm starfsmönnum, þar sem gott samstarf á sér stað og þar ríkir gott andrúmsloft. Aðlögun barnanna gekk hins vegar ekki alveg eins og vonast var til. Brugðist var við þeirri áskorun með því að sleppa hópastarfi einu sinni í viku til að fagfólk



gæti haft undirbúningstíma. Einnig voru foreldraviðtöl haldin árið í kring og samstarfið við foreldra var gott. Deildin notaði Facebook síðuna sína til að koma fram upplýsingum til foreldra og taka á móti ábendingum. Hópastarfið hófst ekki fyrr en í október, vegna fjarveru starfsmanna, en þau reyndu sitt besta og þurfti að senda börn heim nokkrum sinnum. Þau unnu með málbeinið Lubba og Verkfærakistuna/félagsfærni, og börnin unnu í íþróttum hjá ÍR. Foreldrar voru hvattir til að lesa fyrir börnin sín og matmálstími gekk vel með ró og næði. Samstarfið á deildinni gekk vel og starfsmönnum var falið að hafa yfirsýn yfir skipulagið á deildinni og sjá um það sem þurfti til að allt gengi vel.

Varðandi innra mat sérkennslu í leikskóla: sjö börn eru í sérkennslu. Fjórir sérkennslustarftsmenn veita þeim stuðning undir handleiðslu sérkennslustjóra og ráðgjafa frá Suðurmiðstöð. Eitt barn hefur greiningu frá Greiningarstöð ríkisins og þrjú eru í bið eftir greiningu. Þau fá markvissa þjálfun með sérkennslustuðningi og taka þátt í talþjálfun með talmeinafræðingum. Þeim er beitt atferlisþjálfun og skráning út frá bókinni "Behavioral Intervention for Young Children with Autism" og notaður er AEPS listinn. Reglulegir samráðsfundir er haldnir með ráðgjöfum frá Suðurmiðstöð og teymisfundir með foreldrum til að ræða framgang og möguleika á bættum aðferðum. Starftsmenn hafa fengið þjálfun í atferlisskráningu og einnig hefur einn starftsmaður tekið sérstakt námskeið um einhverf börn. Samstarf og handleiðsla frá fagteymi Suðurmiðstöðvar er góð og fagráðgjafinn leggur áherslu á að gefa stuðning og handleiðslu fyrir hvert einasta barn sem þarf það og einnig fyrir starftsfólk.

Varðandi atriði í tengslum við innra mat, starftspróun, samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, foreldrasamvinna og foreldraráð. Í sérkennslunni voru börn frá Úkraínu sem fengu umönnun á móðurmálinu þeirra ásamt því að vera kynnt íslensk orð. Markviss málörvun var notuð með önnur börn með annað tungumál, með notkun Pecs-mynda. Starftsfólk notast við Pecs myndir við stuðning við tvítyngd börn og við að auka orðaforða þeirra. Starftsmönnum var boðið á ýmis námskeið og starftspróunarsamtöl voru haldin. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva var styrkt með sameiginlegum viðburðum og heimsóknum milli skólanna. Foreldrafélagið hefur haft mikil áhrif og skipulagt margvísleg viðburði og samstarf við leikskólann. Foreldraviðtöl voru haldin og foreldraráðið starfaði í tengslum við breytingar sem eru framundan.

Foreldraráð er spennt fyrir komandi tímum, markmið leikskólans fyrir næsta skólaár eru markviss, raunhæf og skýr. Ánægja er einnig með að starftsdagar eru í samráði við skóladagatal Hólabrekkuskóla, en það eru mörg börn í leikskólanum sem eiga systkini í skólanum og gott er að geta tekið starftsdagana saman. Við erum því full tilhlökkunar ásamt nemendum og starftsfólki til komandi skólaárs í leikskólanum Hraunborg.



F. h. leikskólans

Sigríður Fanney Pálsdóttir

29/6/2023

Leikskólastjóri

Dagsetning



